

## Stjórnarfundur nr. 8

29. október 2008 kl.16:30 á skrifstofu HRFÍ

**Mættir:** Björn Ólafsson, Guðríður Valgeirsdóttir, Gunnlaugur Valtýsson, Jóna Th. Viðarsdóttir, Margrét Kjartansdóttir, Valgerður Júlíusdóttir. Friðrik Lunddal boðaði forföll.

- 1. Stjórn Chihuahuaeildar HRFÍ óskar eftir því að samþykktar verði tvær sérreglur fyrir chihuahua fyrir skráningu í ættbók:** **A-2158** **A-2158a**  
„Stjórn Chihuahuaeildar HRFÍ óskar eftir því að samþykktar verði tvær sérreglur fyrir chihuahua fyrir skráningu í ættbók.  
Eins og stjórn er eflaust kunnugt um þá greindist einn chihuahua með grun um PRA í augnskoðun á vegum félagsins í október 2008. Stjórn Chihuahuaeildar telur mikilvægt að bregðast skjótt við og því óskar hún eftir að neðangreind regla taki gildi sem fyrst.  
**Augnskoðun: vottorð má ekki vera eldra en 13 mánaða við þörun.**  
**Hnéskeljaskoðun: skila þarf vottorði frá dýralækni um ástand hnéskelja ræktunardýrs, þ.m.t. gráðun á losi ef um slíkt er að ræða. Vottorð gefið út fyrir ræktunardýr undir tveggja ára aldri gildir í eitt ár, vottorð tveggja ára ræktunardýrs gildir ævilangt.**  
**Samþykkt og að nýjar reglur taki gildi 1.janúar 2009.**
- 2. Bréf frá Helga Vattnes varðandi sporapróf í júní 2007**  
**Samþykkt að vísa málinu til vinnuhundadeildar.**
- 3. Bréf frá Grefil- og sporhundadeild** **A-2159** **A-2159a**  
Beiðni um undanþágu frá sérákvæðum um meistarareglur fyrir hunda í tegundahópi 4 og 6
- 4. Bréf frá Boxerdeild** **A-2160** **A-2160a**  
Beiðni um undanþágu frá sérákvæðum um meistarareglur fyrir hunda í tegundahópi 2
- 5. Bréf frá Finn Boserup** **A-2161**  
vegna cataracts í íslenskum fjárhundi
- 6. Sporleitarpróf 2. nóvember n.k. – dómari Albert Steingrímsson** **A-2162**  
Sporapróf verður haldið á vegum vinnuhundadeildar með aðstoð schnauzerdeildar sunnudaginn 2. nóvember n.k. Dómari er Albert Steingrímsson. Alls eru skráðir 13 hundar.
- 7. Ganga og gleði laugardaginn 1. nóvember**  
Laugavegsganga HRFÍ verður laugardaginn 1. nóvember n.k.  
Hundar og mannfólk leggja af stað frá Hlemmi kl.13:00, gengið verður niður Laugaveg og endað í Hljómskálagarðinum. Skólahljómsveit Kópavogs slær taktinn í göngunni. Hundafimi verður í Hljómskálagarðinum og Vöfluvagninn selur rjúkandi veitingar.  
**ÞEGAR KVÖLDA TEKUR.....TEKUR GLEÐIN VÖLD**  
Gleðiball verður í félagsheimili Andvara þar sem diskótekið Dísá stjórnar stuðinu fram á nótt.  
Veitingar eru seldar á góðu verði en leyfilegt er að koma með eigin drykkjarföng.  
Húsið opnar kl.20:00. Miðaverð kr. 1.500  
Hægt er að kaupa miða á skrifstofu, í göngunni hjá Valgerði eða við inngang í félagsheimili Andvara.
- 8. NKU vísindaráðsfundur á skrifstofu HRFÍ 20. og 21. október,**
- 9. Fyrirlestur Sofía Malm á skrifstofu HRFÍ laugardaginn 25. október**  
Fyrirlestur Sofíu Malm um „Ræktun með tilliti til bættrar heilsu – áhersla á veikleika í liðum” var laugardaginn 25. október n.k. á skrifstofu HRFÍ, Síðumúla 15, 2. hæð frá kl. 9:30-16:00. Fyrirlesturinn var á ensku. Alls mættu voru 31 þátttakendur.
- 10. Önnur mál**
- 11. Næsti stjórnarfundur verður verður fimmtudaginn 20. nóvember 2008**